

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 1. gr. laga nr. 36/1980, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 394/1980, um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar hreyfihamlaðra með breytingu nr. 359/1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. september 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

**um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við
Kjóavelli í Garðabæ.**

1. gr.

Við hvert hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal vera taðþró nægjanlega stór og þannig gerð, að frá henni verði ekki hætta á mengun í grunnvatni. Umgengni um taðþrærnar, hreinsun þeirra og hreinsun hesthúsa skal vera með þeim hætti, að ekki stafi af óþrifnaður.

2. gr.

Tvisvar á ári skulu allar taðþrær tæmdar og hreinsaðar skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun skal fara fram á vegum Garðabæjar í samráði við stjórn hestamannafélagsins Andvara. Aukahreinsanir skulu fara fram eftir þörfum.

4. gr.

Fyrir hreinsun skal sérhver hesthúsa eigandi greiða gjald, skv. sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir, og skal gjald þetta innheimt með fasteignagjöldum.

5. gr.

Ef taðþró fyllist milli reglubundinna hreinsana sbr. 4. gr. skal hesthúsa eigandi greiða kostnað við aukahreinsun.

6. gr.

Í taðþrær má einungis setja hrossatað og moð, sem hreinsað er úr hesthúsunum og umhverfis þau.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari, og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög, fer skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 20. september 1991.

F. h. r.

Páll Línadal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.